



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Umsögn við tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun viðmiðunarfjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 lögðu borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram svohljóðandi tillögu um hækkun viðmiðunarfjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings:

Þann 1. júní síðastliðinn hækkaði lífeyrir örorku um 3%. Svo þessi hækkun komi örorkulífeyrisþegum að gagni er lagt til að viðmiðunarfjárhæð um sérstakan húsnæðisstuðning hækki til samræmis.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. ágúst 2022.

Umsögn:

Velferðarsviði var falið að skila inn minnisblaði til velferðarráðs varðandi áhrif hækkunar örorkubóta á sérstakan húsnæðisstuðning fyrir örorkulífeyrisþega og aðra notendur. Voru þessi málefni tekin fyrir á fundi velferðarráðs 14. september sl. og velferðarsviði falið að leggja fram formlega tillögu að hækkun á tekjuviðmiði sérstaks húsnæðisstuðnings til samræmis við þá hækkun sem varð hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkaði einnig 1. júní sl. sem leiddi til þess að grunnfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings hækkaði sjálfkrafa skv. 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Við það hækkaði mánaðarleg greiðsla til notenda um 10% en í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning stendur að sérstakur húsnæðisstuðningur sé reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning.

Félagsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings og uppfærir árlega tekjuviðmiðin. Búið er að uppfæra þessi tekjuviðmið í annað sinn á árinu 2022 en þau eru lægri en tekju- og eignaviðmið vegna almennra húsnæðisbóta. Í tillögu sem var lögð fyrir velferðarráð 2. febrúar sl. var lagt til að fylgja tekju- og eignaviðmiðum vegna almennra húsnæðisbóta leigjendum til hagsbóta.

Vert er að taka fram að vegna þess að tekjumörk hafa fylgt tekjumörkum húsnæðisbóta en ekki leiðbeiningum félagsmálaráðuneytis leiðir það til þess að áður en seinni hækkun á tekjumörkum á árinu 2022 er tekin til greina eru neðri tekjumörk einstaklinga á sérstökum



húsnæðisstuðning 4.752.707 kr. á ári. eða 396.059 kr. á mánuði. Þ.e. notendur með þá fjárhæð í tekjur munu ekki fá neina skerðingu vegna tekna. Mánaðarleg greiðsla til örorkuþega hækkaði um 3% og nemur 362.478 kr. á mánuði, eða 33.581 kr. undir neðri tekjumörkum á mánuði. Örorkuþegar með framfærsluuppbót verða því ekki fyrir tekjuskerðingu nema þeir hafi tekjur umfram framfærsluuppbótina sem fara yfir neðri tekjumörkin og skerðast þá hlutfallslega skv. reglugerð Reykjavíkurborgar. Ný tekjumörk á mánuði verða 407.940 kr. með hærri tekjumörkum og munu því örorkuþegar halda fullum rétti á sérstökum húsnæðisstuðningi og eiga möguleika á að vinna sér inn hærri tekjur án skerðingar. Í tillögu frá velferðarsviði er lagt til að fylgja þeirri hækkun sem varð á tekjuviðmiðum vegna almennra húsnæðisbóta. Lagt er til að sú breyting gildi frá 1. júní 2022.

Allir þeir sem urðu fyrir tekjuskerðingu sem hefði ekki átt sér stað með hærri tekjumörkum munu fá leiðréttu greiðslu við uppgjör í október/nóvember 2022. Í framangreindri tillögu velferðarsviðs er lagt til að hækka frítekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings um 3% til samræmis við breytingu laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur til bráðabirgða sem aðgerð gegn hækkandi verðbólgu.